

Viðskiptaráð Íslands,
Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík.



Athugasemd Félags skrúðgarðyrkjumeistara við skýrslu Viðskiptaráðs Íslands Hið opinbera: meira fyrir minna

Stjórn Félags skrúðgarðyrkjumeistara mótmælir harðlega umfjöllun Viðskiptaráðs Íslands um lögverndun og leyfisskyldu í iðngreinum í skýrslu sinni „Hið opinbera: meira fyrir minna“ útgefin í október 2020 og umfjöllun á vef ráðsins „Banvænn biti“.

Stjórn Félags skrúðgarðyrkjumeistara furðar sig á því að Viðskiptaráð Íslands beini spjótum sínum sérstaklega að skrúðgarðyrkjumeisturum og skorar á skýrsluhöfunda að kynna sér störf og fagsvið skrúðgarðyrkju áður en því er haldið fram að verulegt tjón geti ekki skapast eða almannahagsmunum sé betur borgið án lögverndunar.

Skrúðgarðyrkja er löggild iðngrein síðan 1967 og um hana gilda handiðnaðarlög nr.42/1978 enda hafa skrúðgarðyrkjumenn lokið sveinsprófi og öðlast meistararéttindi í sínu fagi líkt og fagmenn annarra iðngreina í byggingariðnaði. Það er enginn vafi á því að aðkoma skrúðgarðyrkjumeistara að mannvirkjagerð er nauðsynleg með hliðsjón af öryggi, kostnaði framkvæmda og með neytendavernd í huga. Til að stikla á stóru á þeim framkvæmdum sem skrúðgarðyrkjumeistarar koma að má nefna uppbyggingu á leiksvæðum barna, gerð tjarna, trappa, rampa og stoðveggja, frágangur lóða og hellulögn, umhirða stórra trjáa, trjáfellingar, eiturefnaúðun, aðgengi að byggingum og flóttaleiðir, svo fátt eitt sé nefnt. Það blasir við að ef ekki er fagmannlega að þessum framkvæmdum staðið getur hlotist mikil slyshætta með tilheyrandi tjóni. Það varðar því almannahagsmuni að fagmenn, með viðeigandi menntun og réttindi á sviði skrúðgarðyrkju, vinni þessi verk.

Það er því óskiljanlegt með öllu að Viðskiptaráð Íslands veitist að þessari mikilvægu starfsgrein eins og raun ber vitni í skýrslu ráðsins og þá sér í lagi þar sem engin haldbær rök eru lögð fram málflytningi ráðsins til stuðnings.

Undanfarin ár hefur starfsgreinin verið í örum vexti. Þess má geta að á haustönn 2020 voru 48 nemendur skráðir í nám í skrúðgarðyrkju hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Félagsmenn í Félagi skrúðgarðyrkjumeistara hafa sjaldan eða aldrei verið fleiri og hefur mikil og góð uppbygging fagsins á undanförunum árum átt sér stað með nýrri námsskrá skrúðgarðyrkju við Landbúnaðarháskóla Íslands, innleiðingu raunfærnimats fyrir ófaglærða og auknum áhuga og meðbyr almennings fyrir faginu.

27.10.2020

Stjórn Félags skrúðgarðyrkjumeistara

Afrit:
Samtök iðnaðarins

Félag skrúðgarðyrkjumeistara
Hús atvinnulífsins, Borgartúni 35
105 Reykjavík.
Sími: 591 0100
Netfang: meistari@meistari.is